ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST !

VERKALÝÐSBLAÐIÐ

málgagn EININGARSAMTAKA KOMMÚNISTA (MARX - LENÍNISTA)

3.TBL.1.ÁRG.1975.

200 MÍLNA LANDHELGI GEGN RÁNYRKJU!

Útfærsla fiskveiðilögsögunnar í 50 mílur var fyrst og fremst gerð að tilhlutan einokunarauðvaldsins í útgerð og verslun, svo sem SÍS,Sölumiðstöðvarinnar og KEA. Vinnandi alþýða studdi eindregið útfærsluna vegna hagsmuna sinna,en heimtaði um leið að engar veiðar yrðu leifðar erlendum aðilum. Kommúnistar studdu líka útfærsluna. Hún greiddi fyrir baráttunni gegn rányrkju og erlendri ásækni. En þeim tókst ekki,fremur en róttæku alþýðufólki,að snúa á andstæðinginn innan- og utanlands:EINOKUNARAUÐVALDIÐ. Baráttan varð því hverfandi lítil.Í stað þess laut landhelgisbaráttan forystu stórlaxanna og þeirra,sem fóru leið sátta og samninga við Breta og V-Þjóðverja vegna eiginhagsmuna. Um leið tókst útgerðinni,með hjálp "vinstristjórnar" og Lúðvíkanna að margfalda eigin rányrkju - þannig ber útfærslan tilætlaðan árangur:Gróðaaukningu auðvaldsins.

Flestir vita að nú horfir til hálfgerðrar landauðnar sum staðar við ströndina vegna fiskleysis og að smáútgerð á í vök að verjast. Einokunarauðvaldið vill enn sem alltaf viðhalda gróða sínum - fulltrúar þess í Sjálfstæðisflokknum,Framsóknarflokknum og Alþýðubandalaginu eru allir sammála um nauðsyn útfærslu í 200 mílur.

Sama sagan á að endurtaka sig:

Sættir við erlent einokunarauðvald,aukin rányrkja íslenskrar stórútgerðar og útrýming smáútgerðar.

Gegn fjandsamlegri stefnu verður verkafólk og vinnandi alþýða að setja eigin kröfur. Og barátta fólks sjálfs getur gert kröfur að veruleika þvert ofaní boð og bönn stjórnvalda:

1. 200 mílna fiskveiðilögsaga er einskis verð alþýðunni,ef efnahags- og siglingalögsaga fylgir ekki.

2. 200 mílna fiskveiðilögsaga bætir aðeins stöðu stórútgerðar og eykur rányrkju ef vinnandi alþýða berst ekki fyrir réttri nýtingu fiskimiða að eigin mati.

3. Vinnandi alþýðu ber skylda til að berjast gegn heimsvaldastefnu,jafnt Bretlands,sem USA og Sovétríkjanna(þau styðja ekki útfærslu í 50 eða 200 mílur) í ásókn þeirra í hráefni.

Við setjum baráttu gegn skerðingu á pólitísku og efnahagslegu sjálfstæði Íslands fram samhliða kröfu um 200 mílna landhelgi og baráttu gegn allri rányrkju.

"Flest allir sjá í gegn um blekkingarvef Helsinki-ráðstefnunnar.Þar troða Sovétr. og USA alþjóðaskjali til undirritunar uppá hin ríkin,sem í raun viðurkennir og sýnir núverandi óbreytt ástand í Evrópu".

Ennfremur lýsa albanir því hvernig "afvopnunar- og friðar" pólitík risaveldanna á að fela átökin milli þeirra,kapphlaupið og aukna spennu.

Loks segir að ekki verði hægt að koma í veg fyrir styrjöld með falsvonum og pappírsrusli Sovétr. og Bandaríkjanna,heldur aðeins með baráttu fólksins sjálfs gegn

frh. á bls. 8.

Vígbúnaður heldur áfram í skjóli „ÖRYGGISRÁÐSTEFNU" EVRÓPU

Í grein í "Zeri i popullit",sem er málgagn Flokks vinnunnar í Albaníu,segir m.a. um "öryggisráðstefnu" Evrópu í Helsinki.

"Bandaríska heimsvaldastefnan og sovéska sósíalheimsvaldastefnan ógna stöðugt friði og öryggi í Evrópu. Stefna þeirra er árásargjörn útþensla,þau ráða yfir hernaðarbandalögum og herjum og herstöðvum í öðrum löndum. Frelsi og sjálfstæði evrópskra þjóða er í hættu vegna baráttu risaveldanna tveggja um áhrifasvæði,vegna heimsvaldabaráttu gegn fylgiríkjunum og afskifta af innanlandsmálum annara ríkja,vegna nýnýlendustefnu þeirra og óslökkvandi þorsta í að arðræna og kúga ríki og þjóðir.

Kjarnorkuvopnaskak Sovétr. og USA ógnar Evrópu,sem og hernaðarævintýri þeirra og fálmkenndur undirbúningur undir þriðju heimsstyrjöldina".



VERKALÝÐSBLAÐIÐ
málgagn EIK(m-l)

RITSTJ. OG ÁB.M.:ALBERT EINARSSON

LEIÐARI

Ýmsir róttækir verkamenn og sjómenn hafa spurt okkur hvers vegna við störfum ekki meira meðal vinnandi fólks.
Vandamál Einingarsamtaka Kommúnista(marx-lenínista) er svipað og annarra ungra samtaka til vinstri við Alþýðubandalagið - góð tengsl við vinnandi alþýðu vantar. Af því leiðir að erfitt er að reyna stefnu samtakanna í verki,en starfsreynslan er hvað besti mælihvarðinn á réttmæti pólitískrar stefnu. Þá er einnig erfitt um vik að vekja,efla og leiða harða baráttu gegn stéttsvikurum vinnandi alþýðu og atvinnurekendum án samstarfs og samrylkingar við stéttvíst verkafólk og aðra úr öreigastétt.
Innan allra stéttafélaga er til staðar við ónýta forystuna. Þetta fólk vill endurreisa stéttarfélögin og gera þau að baráttutækjum fjöldans í kjarabaráttunni og leyja baráttu á grundvelli stéttabaráttu en ekki hlýðnast stéttasamvinnuskipunum ASÍ og Vinnuveitendasambandsins. Og það er einmitt á þessum málum og okkur kommúnistum,sem vakandi verkalýðs- og alþýðubaráttu hvílir nú. Þess vegna verður að skipuleggja og samhæfa baráttuna innan stéttafélaganna sem utan þegar þau bergðast vegna meirihlutavalds kratabroddanna - það verður að koma upp baráttusamfylkingu fyrir endurreisn og betri baráttuhæfni stéttarfélaganna. Dægurbaráttan er verk fjöldans,og hann er skipulagður í félögunum. Samfylking á alls ekki að verða "nýtt stéttarfélag".
Á Akureyri stofnuðu kommúnistar og framsækið vinnandi fólk(í meirihluta) BARÁTTUSAMTÖK LAUNAFÓLKS í vor. Þau telja nú yfir 100 manns og berjast fyrir að stéttabaráttustefnan sigri í stéttarfélögunum á Akureyri og í Alþýðusambandi Norðurlands. BSL stóðu að öflugum aðgerðum 1.maí, gefa út dreifirit,halda úti- og innifundi,undirbúa fræðslustarf o.s.frv. Þarna vinna félagar úr EIK(m-l),róttækir Alþýðubandalagsmenn og félagar úr KSML saman og hafa skapað ágæt tengsl við samherja og fjöldann á vinnustöðunum.
Stofnun BSL er afar mikilvægt fordæmi og skref í þá átt að efla verkalýðsbaráttuna,og opinbera nauðsyn á því að vinnandi alþýða verði að reisa nýjan forystuflokk og berjast pólitískri baráttu við auðvaldið.
Hér í Reykjaví hefur tvívegis verið gerð tilraun til að stofna einhverskonar verkalýðssamtök.Í kring um 1970 geystust Baráttusamtök launafólks af stað,en lognuðust útaf vegna óljósra markmiða losaralegs starfsháttar og óljósra verkefna.
Vorið 1974 átti að hefjast handa við að skipuleggja baráttusamfylkingu upp úr Rauðri Verkalýðseiningu,sem starfaði ávallt fyrir 1.maí ár hvert. Fylkingin hafði forystuna,en fórnaði RVEI fyrir eigin kosningabrall,braut áætlanir og loforð og seinkaði stofnuninni fram á næsta haust. Við stofnun RVEI börðust marx-lenínistar fyrir að einföld stefnuskrá með baráttu gegn stéttasamvinnunni,fyrir endurreisn stéttarfélaga,sem aðalatriði,væri samþykkt. Fylkingin vildi gera "and-kapítalísk og sósíalísk" atriði að aðalatriði og taldi að endurreisnin væri "ef til vill ekki möguleg" og stefndi að því að gera RVEI að hala aftan úr Fylkingunni með meirihlutavaldi sínu. Öll loforð um aðgerðir voru svikin.Slen og doði Fylkingarinnar ásamt stefnuskrá sem lítið vit var í og óljósum baráttuaðferðum leiddi til þess að RVEI lognaðist útaf og er nú þeins pappírsgagn nema 1.maí þegar Fylkingin notar RVEI til að auglýsa sig upp.

Ljóst er að fara verður sömu leið í Reykjavík og öðrum kaupstöðum og farin var á Akureyri - það verður að stofna Baráttusamtök Launafólks í Reykjavík og um allt land á sama grundvelli og með sömu starfsaðferðir í huga.
Eigi smásamtökin að rjúfa böndin, sem þau eru reyrð í vegna fámenn - eigi baráttulínan að sigra, verður þetta að gerast strax með haustinu. EIK(m-l),KSML og fleiri aðilar gætu unnið saman að þessu, ef KSML tæki upp samfylkingarstefnu í Reykjavík og hætti bullinu um að aðalstarfið í stéttarfélögunum sé "kommúnískur áróður" og að kjarakröfur tákni "krónupólitík og fagfélagshyggju".
Stéttabaráttan harðnar og atvinnurekendur heimta breytingar á vinnulöggjöf - allt að því afnám verkfallsréttar,stórskert samningsvald einstakra félaga o.fl. Verkföll verða tíð á árinu og það ólgar undir niðri í stéttarfélögunum. Allt þetta býður heim harðri baráttu,vakningu stéttarvitundar vinnandi fólks og vexti kommúnískrar hreyfingar.
Barátta krefst skipulagningar. Fjöldinn á samleið með Baráttusamtökum Launafólks um allt land.
TIL BARÁTTU GEGN STÉTTASAMVINNUNNI, BURT MEÐ KRATABRODDANA - ENDURREISUM STÉTTARFÉLÖGIN!

Byggjum upp Baráttusamtök launafólks!

VERKALÝÐSBLAÐIÐ

Útg.: EININGARSAMTÖK KOMMÚNISTA
(Marx-Lenínistar)
Póstfang: Skólastræti 3b Reykjavík
Verð: Áskrift 1975 250 kr.
Í lausasölu 50 kr.

Enn hefur útgáfu VERKALÝÐSBLAÐSINS tekið stakkaskiftum.Næsta skref í útgáfunni er offsetprentun.Til þess að takast megi að stíga það skref sem fyrst verður enn að fjölga áskrifendum til muna,einnig verður að auka lausasölu blaðsins.
Við skorum því á ykkur lesendur góðir:
Takið þátt í að byggja upp raunverulegt málgagn íslensks verkalýðs og íslenskrar verkalýðsbaráttu,gerist áskrifendur, sendið VERKALÝÐSBLAÐINU efni,sendið gagnrýni.

-ritstj.-

HAGSMUNABARÁTTA ALÞÝÐUNNAR

LEIGJENDASAMTÖK

Ekki þarf að fjölyrða um húsaleiguokur í Reykjavík og helstu kaupstöðum landsins. Húsnæðisskortur er þvílíkur að fólk neyðist til að borga 20-25 þús. kr. á mánuði fyrir tveggja herbergja íbúð í Reykjavík. Oftast verður að leita húsnæðis vikum eða mánuðum saman.

Það er fyrst og fremst skólafólk, verkafólk eða ungt fjolskyldufólk, sem berst við húsnæðisskortinn og öryggisleysð og fjárplógsstarfsemina,sem fylgir honum.

Til viðbótar hárri húsaleigu þarf stundum að borga hálfs eða heils árs leigu fyrirfram - og eins konar mútufé,sem kallast "lykilgjald".

Samningar Húseigendafélags Reykjavíkur,sem margir húseigendur nota, eru þannig að leigutaki er sem næst réttlaus gagnvart húseigenda.

Ísland er eina norræna landið þar sem ekkert eftirlit er haft af hálfu ríkisins eða annara stofnana með húsaleigumarkaðinum. Enda verða hækkanir á húsaleugu fyrirvaralaust og óhamið hér á landi. Það er heldur ekkert samræmi á milli leiguupphæða fyrir svipað húsnæði.

Í stórum dráttum er það kunningsskapur eða heppni,sem ræður ef menn ná í húsnæði fyrir sómasamlegt verð.

Nú er það svo að margir íbúðareða húsaeigendur leigja ekki í hreinu gróðaskyni,en flestir telja sig þó þurfa að fylgja "markaðsverði"."Markaðsverðið" er svo aðallega verk braskara og fasteignakónga.

Sumir eiga margar íbúðir,hús og allt að heilar blokkir,sem þeir leigja okurverði. Þegar kreppan hrjáir auðvaldið,atvinna minnkar og byggingarstarfsemi dregst saman,hækkar húsaleigan hraðar en áður,en braskararnir lifa flott því leigutaki er yfirleitt neyddur til að gefa ekki a.m.k. helming leigunnar upp til skatts. Ríkisvaldið styður bureigendasana eins og ávallt og beitir engu afli til að bæta úr húsnæðisskortinum.

HVAÐ ER TIL RÁÐA?

Það er baráttumá vinnandi fólks og flestra leigutaka að húsaleiga sé sanngjörn og virkt eftirlit haft með leigumálum. Eina raumhæfa skrefið í þá átt er stofnun leigjendasamtaka - alhliða hagsmunasamtaka leigutaka.

Helsta baráttumálið er samþykkt samræmds húsaleigutaxta, sem hús- og íbúðaeigendur verða að fylgja,en matsmenn leigjendasamtaka séu til taks ef meta þarf húsaleigu. Samtökin þyrfti að lögvernda og tengja húsaleigueftirlitið við dómsvaldið.

Eitt helsta vopn leigjendasamtakanna væri "verkfall" þ.e.að neita eð greiða ósanngjarna húsaleigu. Með samtakamætti leigjenda væri svo hægt að ná fram réttindum leigutaka gagnvart húseigendum.

Annað baráttumál má nefna.

Leigjendasamtökin yrðu að taka höndum saman við róttækt alþýðufólk,sem krefst þess að ríkið standi fyrir byggingu ódýrs leiguhúsnæðis,

EIK(m-l) mun reyna af mætti að stuðla að stofnun leigjendasamtaka.

ÚR KVENNABARÁTTUNNI

Er kvennabaráttan pólitisk ?

Eins og allir vita er til Rauðsokkahreyfing á Íslandi.Hitt vita aðeins þeir sem reynt hafa að starf hennar er í algerum ólestri.

1. Skipulag nær ekkert, engin venjuleg stjórn,ekkert meirihlutavald varðandi daglega ákvarðanatekt og enginn ber ábyrgð á neinu.

2. Markmið er óráðið,stefnuskrá engin utan ráðstefnusamþykktir,starfsaðferð óráðin - en mýgrútur ólíkra staruma.

3. Samtökin eru bundin við Reykjavík eftir margra ára starf.

4. Regluleg starfsemi er engin, hvorki innávið né útávið,að heitið getur.

Þetta eru höfuðatriðin. Rauðsokkahreyfingin hefur ekki leyst það verkefni að smíða baráttusamfylkingu kvenna.Hennar er því þörf sem áður. Og baráttusamfylking verður ekki til nema unnið verið gegn ofnanefndum atriðum og tekin upp ný og andstæð vinnubrögð.

Kvennahreyfingin á sé a.m.k. fjóra andstæðinga.

Fyrst ber að nefna fulltrúa auðvalds og afturhalds.Þá eru það aðilar,sem vilja nota kvennahreyfinguna til atkvæða- og fylgissmölunar fyrir eigin pólitíska flokka. Í þriðja lagi þá, sem telja baráttusamfylkingu kvenna "óþarfa" - þ.e.Fylkingin og fylgismenn trotskisma. Og loks eru það fulltrúar ýmissa stefna innan Alþýðubandalagsins og Fylkingarinnar,sem telja að kvennahreyfingin ætti að starfa á sósíalískum grundvelli,helst með yfirlýst sósíalískt markmið. Allajafnan er eitt sem sameinar alla þessa aðila.

Aðra stundina berjast þeir gegn því að barátta kvenna verði tengd stéttabaráttunni og taka þá afstöðu eigin samtaka fram yfir þarfir kvennahreyfingarinnar - dæmi þess er hringlandaháttur rauðsokka fyrir 1.maí s.l. Hina stundina er hrópað hátt um að verið sé að "eyðileggja kvennabaráttuna með pólitísku þrasi" sbr. orð Vilborgar Harðardóttur og Auðar Auðuns um kvennaráðstefnuna í Mexíkó. Einstaka hjáróma raddir heyrast við hlið hinna,segjandi að kvennabaráttan sé"marklaus" nema að hún setji sósíalíska byltingu í fyrirrúm.

GEGN ÖLLU ÞESSU VERÐUR AÐ SETJA HREINAR LÍNUR.

Kvennabaráttu er þörf vegna tvöfaldrar kúgunar kvenna. Hún er og verður pólitískt framsækin,sé hún háð á grundvelli stéttabaráttunnar, en ekki í"andstöðu við karlmenn" eða þvílíku. Byltingarsinnuð kvennahreyfing er ekki á dagskrá á Íslandi nú,heldur baráttusamfylking kvenna er skipuleggur sem flestar konur til baráttu gegn hverskonar kúgun og mismunum kvenna með auðvaldið að höfuðandstæðingi.

Með endurreisn verkalýðshreyfingarinnar og uppkomu raunverulegs verkalýðsflokks mun kvennahreyfingin mynda mikilvægan hluta fylkingarinnar sem afnemur auðvaldsskipulagið.

KRÖFLUVIRKJUN OG ÁLVERKSMIÐJA Í EYJAFIRÐI



Í vetur og vor hefur allmikill hraði verið settur í virkjun Kröflu. Samtímis er unnið af álíka miklum krafti að byggingu byggðalínu. Þarna er unnið samtímis á tvennan hátt að lausn sama vanda, nefnilega raforkuskorti á Norðurlandi.

Nánar um Kröflu:

Að áliti sérfræðinga í orkumálum yrði nægilegt að reisa á að giska 20 MW virkjun í Kröflu,með byggðalínu,til að tryggja áfallalausan rekstur. En þess í stað skal reisa 70 MW virkjun og það með hraði. Flogið hefur fyrir að túrbínurnar,sem nota skal við orkuvinnsluna,séu tilraunasmíði hjá Japönum,því þeir hafi aldrei afgreitt svo stórar áður. Engin lausn er fundin á meðferð afrennslisvatns,en það gæti valdið ómældum breytingum á lífskerfi t.d. Mývatns. Verkfræðingarnir,sem að vinna,skipta um skoðun því örar sem nær líður að leysa þarf vandamálið. Kröflunefnd segir að lausn á raforkuvanda norðlendinga sé svo brýn að ekki hafi gefist tími til að bjóða verkið út. Tvö fyrirtæki,Hönnun,sem hannar verkið, og Miðfell,sem sér um verklega framkvæmd,og eru í fjölskyldutengslum við Kröflunefnd,fengu því verkið án útboðs. Þetta álit Kröflunefndar stangast á við skoðanir sérfræðinga á ársþingi Sambands rafveitna,þar sem þeir gagnrýna að unnið sé að tvöfaldri lausn sama vandans. Nefndin hlýtur því að hafa fleira í huga en að tryggja raforku til almennra nota á Norðurlandi. Líklegast er að ætlunin sé að setja þvingu um orkufrekan iðnað á Norðurlandi. Það er rétt að undirstrika að framkvæmdarhraðinn er tilkominn fyrir

Er bygging álverksmiðju í undirbúningi í Eyjafirði?

Stóriðja í höndum auðvaldsins er andstæð hagsmunum allrar alþýðu.



frumkvæði Nefndarinnar sbr. ummæli Knúts Ottesteds á fyrrgreindu þingi,þar sem hann óttast að allt flæði í rafmagni á Norðurlandi haustið 1976.

Frétt í dagbl.Tíminn í vor opnar barsviðið örlítið. Þar segir að fulltrúar norska stórfyrirtækisins Norsk Hydro hafi kannað aðstæður í Eyjafirði með tilliti til álverksmiðju.(Frétt sama eðlis birtist einnig í Dagbladet í Noregi um svipað leiti.) Þetta táknar að málið er komið alllangt áleiðis. Aðeins eftir að hefja umræður opinberlega,líklegast með því að láta fulltrúa Eyfirðinga og Þingeyinga rífast um það hvar eigi að reisa verksmiðjuna. Almenningur verður sjálfsagt ekki spurður hvort hann vilji þessa verksmiðju,enda hægur vandi að segja fólki að um tvennt sé að velja: Áframhaldandi skömmtun Laxárrafmagns,ellegar álverksmiðju,sem "tryggi" raforkusölu frá Kröflu. Verði sami hraði viðhafður og á Kröflufram kvæmdum stenst það sjálfsagt á endum að orkuhungruð álverksmiðja gleypir upp þá raforku,sem almenningur á Norðurlandi hugsaði sér að nota til að lækka hitunarkostnaðinn. Færi það reyndar ágætlega saman við hagsmuni olíudreifingaraðila-

nna á Norðurlandi,sem eiga sína fulltrúa í Kröflunefnd.

Allar ákvarðanir um stóriðju eru teknar á hæstu stöðum,venjulega án þess að almenningur viti þar nokkuð um,fyrr en daginn,sem byggingarframkvæmdir hefjast. Gefst því ekki kostur á almennu andófi. Of seint er að stöðva málið nú, segja ráðuneytisfulltrúarnir, þegar spurt er um mengun,umhverfisskaða o.s.frv. sem "óvart" gleymdist í undirbúninginum.

Það mun hafa verið fyrir algjöran misskilning að fréttin um álverksmiðjuna kom í Tímanum, enda hefur málinu ekki verið haldið á lofti opinberlega síðan. (Athyglisverð er t.d.afstaða Þjóðviljans,sem hefur mestar áhyggjur af að ekki verði lagðar viðeigandi raflínur,en reynir ekki að svipta hulunni af baksviðinu,enda eins víst að sviðsbúnaður þar sé frá tíð Magnúsar Kjartanssonar).

Fréttaritari Akureyri.

VERKALÝÐSBLAÐIÐ vill skora á lesendur sína á Norðurlandi að láta álit sitt í ljós við blaðið. Ennfremur væru tillögur að baráttuaðgerðum gegn þessari verksmiðju vel þegnar. Ritstj.

KFML Í DANMÖRKU Í ÖRUM VEXTI

Systurhreyfing EIK(m-l) í Danmörku,Kommunistisk Forbund Marxist-Leninister,(KFML),hélt 10 landsfund sinn í maí s.l.

Landsfundurinn staðfesti að KFML hefur verið í örum vexti frá síðasta landsfundi 1973. Í yfirlýsingu fundarins segir m.a. að KFML hafi á undanförnum árum framkvæmt baráttuherferð til að auka þátttöku sína á fleiri sviðum stéttabaráttunnar og þannig þróað með sér sjálfstæða pólitíska stefnu.

Ennfremur hefur KFML tekist að þróa málgagn sitt,"Kommunist" úr umræðublaði í blað,sem setur fram pólitíska stefnu samtakanna í öllum mikilvægum alþjóðlegum og þjóðlegum baráttumálum.

Fræðilegt málgagn KFML,"Kommunistisk Tidskrift" hefur verið endurvakið sem pólitískt-hugmyndafræðilegt ársfjórðungsrit.

Í yfirlýsingunni eru risaveldin tvö,Sovétríkin og Bandaríkin fordæmd harðlega og á það bent að barátttan gegn sovésku sósíalheimsvaldastefnunni og bandarísku heimsvaldastefnunni verður stöðugt harðari.

Landsfundur KFML sendi EIK(m-l) kveðjur sínar undirritaðar af formanni KFML,Benito Scocozza,sem undirstrikar hið nána og bróðurlega samband,sem einkennir sambandið á milli KFML í Danmörku og EIK(m-l).

Í Kambódíu tóku konur mjög virkan þátt í þjóðfrelsisstríðinu.
Myndin sýnir hersveit kvenna á leið til vígstöðvanna.

RÓGBURÐUR UM KAMBÓDÍU

AFTURHALDIÐ FALSAR FRÉTTIR OG DREIFIR LYGUM UM KAMBÓDÍU.

Að undanförnu hafa fjölmiðlar afturhaldsins og heimsvaldastefnunnar ausið út lygaáróðri um hina frjálsu Kambódíu. Um allan heim vera þeir það sem þeir geta til að sverta landið og þjóðina eftir að landið var frelsað úr klóm heimsvaldas.na og leiguþýs þeirra.

Uppspretta lyganna hefur venjulega verið alþjóðlegar fréttastofnanir. Nú hefur breska blaðið The Guardian afhjúpað hvernig hverraherferð borgaranna er rekin. Blaðið segir frá því hvernig fréttastofan Associated Press (AP) hreint og beint umskrifaði og hagræddi fréttum frá fréttaritara AP í Phnom Penh.

Richard Boyle, fréttafulltrúi fréttaku fréttastofunnar Pacific News Service, skýrir frá því í bandarísku blaðinu Guardian, að AP hafi falsað fréttaskeyti þau sem henni voru send frá Phnom Penh. Boyle var síðastur bandarískra fréttamanna, sem yfirgaf Phnom Penh og eftir að aðrir fréttamenn voru á brott bað AP Boyle um að taka við skrifstofu AP í Phnom Penh og fá kambódíanska fréttamenn til að vinna fyrir sig.

Boyle sendi síðan fréttaskeyti, sem byggðu á fréttum fréttastofu kamódíanska ríkisins, þ.e. komu frá fréttafólki því sem AP bað Boyle um að vinna fyrir sig. Skeytin sem Boyle sendi fjölluðu m.a. um:

Að "Khmer-hersveitirnar" hafi sagt hermönnum stjórnarinnar að þeir væru bræður og að þeir vildu ekki drepa neinn. Kambódíönsku fréttamennirnir höfðu einnig séð hermenn Þjóðfrelsishersins FUNK og hermenn stjórnarliðsins fallast í faðma og heilsast á vígvellinum.

Fréttaskeyti Boyle um þetta voru ritskoðuð af AP, sem sendi út fullkomlega ósannar fréttir um að "Khmer-liðið" hefði brennt niður flóttamannakofa daginn fyrir lokasigur FUNK. AP sendi einnig út fréttir þess efnis að frönskum konum hefði verið nauðgað og á þeim unnin hryðjuverk. Boyle dvaldist sjálfur í tvær vikur á deild þeirri sem sér um skyndihjálp á sjúkrahúsi franska sendiráðsins og átti í daglegum viðræðum við lækna og sjúkralið. Enginn þeirra hafði orðið var við svo mikið sem eitt einasta tilfelli nauðgunar. Boyle afneitaði einnig öllum sögusögnum um blóðbað og hryðjuverk hermanna þjóðfrelsishersins bæði við frelsun Phnom Penh og á meðan á brottflutningnum frá borginni stóð.

LYGARNAR UM BROTTFLUTNINGINN

Borgarablöðin gerðu mikið veður út af brottflutningi fólks frá Phnom Penh. Þykir hann benda til ógnargrimmdar. Segja sögurnar að fjöldi fólks hafi drepist á leiðinni og annað hafi verið rekið fársjúkt á götur út o.s.frv.

Sannleikurinn er sá að þegar hermenn FUNK komu til Phnom Penh var aðkoman vægast sagt hroðaleg. Yfir 25 þúsund særðra var hrúgað saman og aðbúnaður ömurlegur. Hermenn FUNK urðu að flytja fólk í skyndi frá sjúkrahúsunum til að bæta aðbúnaðinn. Franska blaðið Le Monde skýrir svo frá að í mörgum tilfellum hafi fársjúkt fólk legið við hlið látinna á sjúkrarúmunum og því stórhætta á drepsótt. Þá segir blaðið að herlið FUNK hafi verið mjög vel búið sjúkratækjum og meðulum og með herliðinu hafi verið lið lækna og sjúkraliðs.

Brottflutningurinn frá borginni var einnig alger nauðsyn.

Vegna sprengiárása Lon Nol-klíkunnar á vopnahléssvæðin leitaði fólk skjóls í borginni og íbúafjöldi hennar óx úr um 600 þús. í nær 2 milljónir. Til þess að tryggja matvælaöflun handa öllum verður að senda fólk út á landsbyggðina. Öðruvísi er ógerlegt að brauðfæða alla íbúa landsins. En hér er ekki um það að ræða að fólk hafi verið rifið upp frá heimilum sínum. Þvert á móti snýr fólk nú heim til heimkynna sinna, sem það varð að yfirgefa vegna sprengjuárása bandaríkjamanna.

LYGAFRÉTTIRNAR Á SÍÐUM ÍSLENSKRA BLAÐA.

Að sjálfsögðu éta afturhaldsblöðin íslensku lygarnar frá AP og öðrum fréttastofum heimsvaldasinna hráar. Sunnudaginn 27. júlí er ein slík lygagrein í Morgunblaðinu. Mogginn hreykist yfir að skrifari greinarinnar hafi gert sér far um að kanna sannleiksgildi frásagna "vitnanna" sem segja frá í greininni. Að sjálfsögðu fær skrifarinn mikið samræmi í "frásagnirnar", þar sem þær eru allar upprunnar frá sama aðila, ritskoðurum og skáldum fréttastofa eins og AP.

Lygaþvættingi blaða eins og Morgunblaðsins og fréttastofna eins og AP verður að mæta með öflugri fréttamiðlum frá þeim aðilum, sem hlut eiga að máli, nefnilega alþýðunni sjálfri hvar í heiminum sem hún á í baráttu. Byggja verður öflugan málsvara alþýðunnar. Vöxtur blaðs eins og VERKALÝÐSBLAÐSINS er því alger nausðyn til þess að vega upp á móti borgaralegum áróðri og rógburði um starf og baráttu alþýðu allra landa gegn drottnandi stéttum.

HNEKKJUM BORGARARÓGINUM.
BYGGJUM FRÉTTAMIÐIL SEM ÞJÓNAR BARÁTTU ALÞÝÐUNNAR - VERKALÝÐSBLAÐIÐ.

UMRÆÐUR

Til Kommúnistasamtakanna - til áréttingar og svars.

Loks eru umræður milli EIK(m-l) og KSML hafnar opinberlega. Því ber að fagna þó enn vanti nokkuð á að rætt sé um höfuðatriði,en ekki sparðatíning.

Svargrein í 2.tbl.Verkalýðsblaðsins bar merki smáatriða enda var verið að svara grein K.G. eins og tilefni gaf til.

AFSTAÐA EIK(m-l)

Afstaða EIK(m-l) til KSML er í höfuðatriðum þessi: KSML eru enn haldin vinstri einangrunarstefnu - dæmi um það er 1.maí s.l. og afneitun á tilboði EIK (m-l) um samvinnu í baráttu gegn meðferð kjaramála við síðustu samninga. KSML hefur ekki tengt sjálfsgagnrýni í einstökum málum endurskoðun á heildarstefnu sinni og sfstöðunni til marxlenínismans.

Gagnrýni EIK(m-l) á KSML - sbr. kjarnann í "Baráttuleið alþýðunnar" - hefur í aðalatriðum beinst að afneitun KSML á fjöldastefnu og samfylkingum. Í 6.tbl.Stéttabaráttunnar er miðstjórnargrein er heitir "Með fjöldanum,fyrir fjöldann".Þar gerir miðstjórn KSML umtalsverða bragabót og tekur afstöðu til fjöldabaráttunnar,sem er EIK(m-l) fagnaðarefni - ef starf KSML fylgir brautunum sem þar koma fram.

Við erum vissulega sammála KSML um nauðsyn umræðna um ágreiningsefni og minnum á bréf frá stofnþingi EIK(m-l) í jan.sl. þar sem farið er fram á sameiginlegar umræður í "Rauða fána" KSML. Því bréfi svaraði KSML aldrei fremur en síðasta samvinnutilboði.

Við erum ennfremur sammála KSML um nauðsyn baráttueiningar milli EIK(m-l) og KSML í sem flestum málum svo fremi sem fræðilegur ágreiningur og mismunandi baráttuaðferð leyfir - ekki má slíta í sundur stefnu og starfshætti annarsvegar og sameiginlegt starf hinsvegar eins og gert er í ofannefndri grein."..En fræðilegur ágreiningur á ekki að hindra samstarf.." stendur þar.

Sameining íslenskra marx-leníníста í ein flokksbyggingarsamtök er og verður markmið EIK(m-l), með baráttu,gagnrýni og einingu.

Nú hefur KSML loksins slitið tengslin við klofningsklíkuna í Svíþjóð,KFMLr, og er það vel. Okkur finnst hálf nöturlegt að sjá KG nefna að ýmsir forystumanna EIK(m-l) hafi talið Fylkinguna marx-leníníska samtök meðan þeir börðust þar fyrir réttri stefnu,þegar þess er gætt að KSML rak nákvæmlega sömu stefnu í tvö ár og KFMLr gerði,en þau samtök dæmir KSML nú réttilega hálftrotskísk og stefnu þeirra hálftrotskíska skemmdaverkastarfsemi. Höfuðatriðið er samt annað en þessi samlíking,nefnilega þetta:

EIK(m-l) átti að nokkru rætur innan Fylkingarinnar EN samtökin hafa endanlega gert upp við ranga stefnu hennar í öllum atriðum. KSML rak ekkert annað en hálftrotskíska skemmdaverkastarfsemi eins og EIK(m-l) og ýmsir forystumenn þeirra hafa sýnt fram á í langan tíma.En KSML hefur ekki gert upp við þessa stefnu í öllum höfuðatriðum. Það þýðir ekki að setja hægristimpil á EIK(m-l) til að fela vinstri róttækni innan KSML.

Eftirtalin atriði þarf umræðan milli EIK(m-l) og KSML að snúast um:

1.Ólíka afstöðu til aðalandstæðna í stéttabaráttu á Íslandi (höfuðmóthverfuna).

2.Afstaðan til heimsvaldastefnu allra tegunda,til pólitísks og efnahagslegs sjálfstæðis Íslands.

3.Hvernig tengja eigi saman pólitíska baráttu og kjarabaráttuna.

4.Hvernig baráttu kvenna skuli hagað.

Og eins og sjá má eru þetta öll mikilvægustu atriði starfsins.Því fyrr sem þetta er rætt án tilvitnunarkúnsta og af alvöru þeim mun betra.

"STÉTTABARÁTTUNNI" SVARAÐ

Til viðbótar nefndri grein í Stéttabaráttunni eru þar a.m.k. þrjár aðrar er snerta EIK(m-l). Nokkur atriði eru þar svaraverð.:

SAMEIGINLEGT FRÆÐIRIT

1. Guðbrandur Magnússon stingur upp á sameiginlegu fræðiriti EIK(m-l) og KSML. Í fljótu bragði virðist réttara að semja greinar og svargreinar,sem ræddar væru í samtökunum og birtar samhæft í "Rauðliðanum" og "Rauða fánanum". EIK(m-l) hefur þó ekki tekið afstöðu til þessa.

HRIP KG

2. KG svarar grein úr Verkalýðsblaðinu. Ekki vitum við hvort hann hafi skilið svargreinina við grein sinni úr Stéttabaráttunni(5.tbl.).Nei,við lítum ekki á grein KG sem framlag til fræðilegra umræðna,heldur ómarxíska vaðal - henni var svarað skýrt og skilmerkilega eins og hún gaf tilefni til. Hafi KG skilið svörin sem "hvumpni,jómfrúarhátt, móðgun" vegna þess að hann snerti "hann" má hann vera sæll með sitt.Og engu er þar við bætandi enda heldur KG áfram á sömu braut. Örfáum atriðum skal svarað:

Vígorð Kominterns gilda ekki um aldur og æfi. Í "Baráttuleið alþýðunnar" eru færð rök að því hvers vegna "stétt gegn stétt" skilgreinir ranglega nú hverjir eru vinir og hverjir óvinir verkalýðsins, sem gegnir forystuhlutverkinu í baráttu vorri. Í stað þess ber að setja "vinnandi alþýða gegn einokunarauðvaldi" og starfa samkvæmt því. KG segir réttilega að ekki sé til nein allsherjarformúla fyrir stéttabaráttunni.

EIK(m-l) færir sjálfstæð rök fyrir greiningu sinni á aðalandstæðunum og bendir enn á að á öllum Norðurlöndunum,sem svipar til Íslands hvað snertir þjóðhætti,starfa marx-leníníistar með samskonar stefnumörkum með miklum árangri - KSML hefur engin samskipti við þá og eru algerlega einangruð samtök. KSML gerir nú tilraunir til að ná samskiptum í nafni íslenskra marx-leníníста við flokka og hreyfingar marx-leníníста á Norðurlöndum og því hlýtur KSML að viðurkenna að yfirlýst bráðrasamtök EIK(m-l) hafi í aðalatriðum rétta greiningu og að hægt sé að berjast fyrir sósíalískri byltingu og alræði öreiganna án þess að taka mið af "stétt gegn stétt"? Eða hvað?

Allir sannir marx-leníníстar leggja áherslu á að byggja upp baráttusamfylkingu vinnandi alþýðu,verkalýðs og meirihluta smáborgara undir forystu verkalýðs og kommúnista gegn einokunarauðvaldinu og ríkinu.

Markmiðið er að svifta einokunarauðvaldið völdum í vopnaðri byltingu,sundra borgarastéttinni og reisa nýtt ríkisvald. Ef KSML vill eitthvað annað skulu samtökin koma fram með það og hætta að kalla á Brésneff sér til hjálpar í tilvitnunarformi.

Varðandi alræði alþýðunnar er það að segja að nýtt ríki er stéttabandalag undir forystu verkalýðsins - nafngiftin"alræði alþýðunnar" eða "alræði öreiganna"

til ksml....

er engin grundvallarvilla og allra íst "endurskoðunarstefna".

Að lokum þetta:

EIK(m-l) er aðili að sameiginlegri ályktun allra norrænna marx-lenínista samtaka um risaveldin og endurskoðunarstefnuna. Þar kemur fram að berjast verður ósættanlegri baráttu við bæði Sovétríkin og Bandaríkin ásamt endurskoðunarsinnum af Alþýðubandalagsgerðinni. EIK(m-l) hefur staðið við þetta í orði og verki. EIK(m-l) í Reykjavík var ekki á móti baráttuvígorði gegn báðum risaveldunum,eins og bréf KSML sýnir,hins vegar mátum við rétt að leggja höfuðáherslu á að koma vígorðinu "Sovétríkin burt úr Tékkóslóvakíu" að gagnvart aðilum eins og vinstri stúdentum og Sósíalístafél.Reykjavíkur. Á Akureyri var verið að byggja upp Baráttusamtök Launafólks og samþykkti KSML þar á sama hátt og EIK(m-l) að baráttan gegn risaveldunum kæmi heldur fram í ræðu en sem vígorð í samfylkingu með AB-fólki o.fl.

HINN "FRÆÐILEGI RUGLINGUR"

3. MVS skýrir "fræðilegan rugling" EIK(m-l).

Hann segir EIK(m-l) hafa klofið kommúníska hreyfingu á Íslandi. Hvenær varð KSML kommúnísk hreyfing? Meðan hún stældi stefnu KFMLr, hálftrotskistana? Þegar"KSMLb"-liðið var rekið? Á meðan verkalýðsstarfið var fólgið í "kommúnískum áróðri" í stéttarfélögunum o.s.frv. eingöngu?

Við svörum hér skýringum MVS á þjóðfélagssýn EIK(m-l).:

MVS segir Mao Tsetung sýna fram á að: "Eðli hinna tveggja höfuðstétta breytist ekki með heimsvaldastefnunni,birtungarmynd grundvallarmóthverfunnar er sú sama..."(Þessi tilvitnum er ekki úr ritgerð Maós um Móthverfurnar) Þetta þýðir með öðrum orðum að andstæðurnar milli launavinnu og auðmagns komi eins fram er stéttir skipast öndverðar,með uppkomu heimsvaldastefnunnar, og áður var,þe.borgarar gegn öreigum. Ef þetta er rétt gæti EIK(m-l) ekki haldið því fram á þróun einokunarinnar leiddi af sér nýjar aðal-stéttaandstæður (höfuðmóthverfu),án þess að endurskoða marx-lenínismann. En hvað segir Maó Tsetung í raun og veru:

"Þegar t.d. auðvaldsskipulagið þróast frá stigi hinnar frjálsu samkeppni að hæsta stigi sínu,heimsvaldastiginu,verða engar breytingar á stéttaeðli þeirra tveggja stétta sem standa í grundvallarandstöðu hvor gegn annarri.. Þarna er nokkur munur á inntaki. En mestu máli skiptir að kjarni marx-lenínismans sé ljós:

Höfuðmóthverfan segir okkur hverjir séu vinir og hverjir ekki á söguskeiði þar sem þjóðfélag tekur engum eiginleikabreitingum. Ef Maó Tsetung eða aðrir frömuðir kommúnismans myndu ákveða fyrirfram hver höfuðmóthverfan er í öllum auðvaldslöndum, þyrftu íslenskir kommúnistar ekki að athuga neinar aðstæður. Maó talar líka um grundvallarandstöðu en ekki höfuðmóthverfu. Nú er svo að höfuðmóthverfan er breytileg á skeiði heimsvaldastefnunnar. MVS veit að "stétt gegn stétt" gilti t.d. ekki í Danmörku meðan nasistar hernámu það - höfuðmóthverfan var önnur,ákveðin af ytri aðstæðum.meðan grundvallarmóthverfna,launavinna - auðmagn,var óbreytt. Höfuðmóthverfuna verður að ákveða í sérhverju landi á ólíkum söguskeiðum.

Er einokunarauðvaldið verður æ sterkara og gráðugra verða t.d. andstæðurnar milli verkalýðs og smáborgara víkjandi miðað við andstæður milli einokunarauðherranna annars vegar og smáborgara og verkalýðs hinsvegar. Samfélagið skipast í tvær meginfylkingar - gróflega,einokunarauðvaldshóp og vinnandi alþýðu,verkafólk,sjómenn, bændur o.s.frv. Með því að halda þessu fram störfum við því í anda marx-lenínismans en ekki endurskoðunarstefnu. MVS verður að hrekja ofannefnd sannindi fyrst.

MVS segir að EIK(m-l) fari með rangt mál er við segjum Ísland okað af stórveldunum og voldugum heimsvaldaríkjum. Nú líta KSML á Ísland sem minniháttar(og veikt) heimsvaldaland eins og EIK(m-l). En það táknar ekki að Ísland sé okað,segir MVS.

10-20milljarða skuld við Sovétr. skuldbindingar gagnvart NATO, breskir fallbyssukjaftar,10% iðnaðaryfirráð SWISSALUMINIUM eru dæmi um erlenda heimsvaldaásælni. Lítil heimsvaldalönd eru okuð af þeim stærri - það er staðreynd. Um orðalag hirðum við ekki. En það sem skilur EIK(m-l) og KSML að og kollsteypir bulli MVS um "endurskoðunarstefnu"vora og staðhæfingum um að við óskum eftir allsherjar þjóðfylkingu með borgurunum er þetta:

Vegna réttrar greiningar EIK (m-l) á styrkleikahlutföllunum milli heimsvaldalandanna höfum við þá stefnu að vinna að því að hafin verði barátta gegn einokunarauðvaldinu íslenska og erlendri heimsvaldastefnu.Markmiðið er m.a. að verja sjálfsákvörðunarréttinn - pólitískt og efnalegt sjálfræði Íslands. Til þess þarf samfylkingu allra and-heimsvaldaafla undir forystu verkalýðsins.

Eigi sósíalísk bylting að sigra á Íslandi verður pólitíski sjálfsákvörðunarrétturinn að vera sem minnst skertur. Þetta er ekki stefna KSML.Enginn veit heldur hver hún er í þessu máli. Hver er t.d. stefna KSML í landhelgismálinu? Guðbrandur Magnússon ("Baráttan fyrir 200 mílum") tekur sömu afstöðu og EIK(m-l). Við teljum rétt að MVS reyni nú að finna út hver afleiðing afstöðu hans í baráttunni gegn erlendri heimsvaldaásælni er á baráttuna sjálfa.

Ritstjórn.

pöntunarlisti

Ath.að mun ódýrara er að nota gíró,þar sem gíróeyðublað kostar kr.27 en minnsta póstkröfugjald er kr.160.

PÖNTUN TIL OKTÓBER-FORLAGSINS
Pósthólf 541 Akureyri.

Frá _____

Heima _____

Gjörið svo vel að senda mér eftirfarandi útgáfuefni
gegn póstkröfu ☐
gegn innborgun á gíróreikning OKTÓBER-FORLAGSINS nr. 97188 ☐

1. Ályktanir og samþykktir stofnþings EIK(m-l) .kr. 100.-
2. Ályktanir fyrstu sameiginlegu ráðstefnu norrænna marx-lenínista .....kr. 200.-
3. Baráttuleið alþýðunnar .....kr. 400.-
4. Afstaðan til Stalíns .....kr. 200.-
5. Rauðliðinn 1.tbl. .....kr. 100.-
6. Fangelsisljóð Hó Chí Mính kr.1000.-

„ÖRYGGIS"LÖGREGLAN HLERAR SÍMA SÆNSKRA KOMMÚNISTA

GNISTAN málgagn Kommúnistaflokks Svíþjóðar(SKP) og systurblað VERKALÝÐSBLAÐSINS, afhjúpaði í sumar símahleranir sænsku öryggislögreglunnar á símum flokksins og einkasímum leiðandi félaga flokksins. Þetta hefur nú verið viðurkennt af sænsku ríkisstjórninni.

Borgaralegir fjölmiðlar og lögreglan hafa síðan keppst við að finna upp þolanlegar ástæður,sem réttlætt gætu hleranirnar.M.a. er SKP borið á brýn að hafa þegið boð kínverskra kommúnista að heimsækja Kína.Við þetta verður manni hugsað til tíðra ferða NATOsinna og ameríkuvina til hinna ýmsu NATO-landa og hvort þær ferðir séu fullnægjandi ástæða til þess að símar viðkomandi séu hleraðir. Að sjálfsögðu er hér aðeins um að ræða tylliástæðu.Öryggislögreglan í Svíþjóð,sem annarstaðar í auðvaldsheiminum,er til þess að standa vörð um drottnandi stétt, auðvaldið,og gæta þess að drottnunaraðstaða hennar verði ekki skert né eyðilögð.

Fyrir tveim árum afhjúpaði sænska blaðið "Folket i Bild/Kulturfront" starfsemi njósnahringsins IB (Informations Byrån),sem síðar reyndist vera ríkisrekin stofnun. IB hafði með höndum njósnir á róttækum hreyfingum og baráttusamtökum.Starfsemi IB var augljóslega brot á sænskum lögum.Í stað þess að stefna forsprökkum IB fyrir dóm vegna ólöglegrar njósnastarfsemi, var blaðamönnum FiB/Kulturfront stefnt fyrir dóm og þeir dæmdir í fangelsi fyrir"njósnir" á IB. IB njósnahringurinn hvarf á ný bak við tjöld aðstandenda sinna.

STÉTTARLÖGREGLAN FER EIGIN LEIÐIR

Öryggislögreglan framkvæmir verk sín eftir leynilegum forskriftum, sem ákveðnar eru af yfirvaldinu, ríkisstjórn og ráðuneyti.Nú eru sósíaldemókratar við stjórnvöld og hafa verið lengst af þessa öld. Í orði kalla þeir sig sósíalista en í verki nota þeir aðferðir lögregluríkja og fasista. Hvað er það sem rekur sænsku borgarastéttina til að beita símahlerunum og öðrum njósnaaðferðum.Á undanförnum árum hefur hreyfing kommúnista vaxið ört í Svíþjóð.Á síðasta ári og s.l. vetur óx verkfallsbaráttan ogfjöldabaráttan almennt mikið í Svíþjóð.Leiðandi afl í þessari baráttuvakningu er Sænski Kommúnistaflokkurinn(SKP). Reynslan hefur kennt borgurunum að ómögulegt er að hindra vöxt og útbreiðslu kommúnískra baráttusamtaka öðruvísi en með því að beita loddaraaðferðum.Þeir senda njósnara sína út af örkinni vel undir það búna að ganga inn í hreyfingar kommúnista til að vinna spjöll á þeim. Þeir opna póst og hlera síma kommúnista. Í stuttu máli,þeir nota allt það kerfi sem borgarastéttin hefur tök á að nota til að grafa undan kommúnískum samtökum innanfrá. Í þessum efnum fer borgarastéttin eigin leiðir og þær leiðir verða ekki farnar af öðrum. Kommúnistar hafa ekkert að fela,sem við kemur baráttu alþýðunnar,þeir búa sig hins vegar vel undir átök við borgarastéttina og lögreglu/her hennar og standa því fast á verði fyrir eigin öryggi og öryggi alþýðunnar gagnvart lymskubrögðum borgaranna.

Formaður SKP afhendir fulltrúa dómsmálaráðuneytisins mótmæli SKP við símahlerunum öryggislögreglunnar á símum flokksins og leiðandi félaga flokksins.

MERKI UM STYRK

Símahleranir sænsku öryggislögreglunnar á símum sænsku marxlenínistanna er augljóst merki um styrk sænsku félaga okkar og enn eitt dæmi um að stéttabaráttan er harðnandi og vaxandi einnig í nágrannalöndum okkar. Vöxtur sænsku marx-lenínistahreyfingarinnar með SKP í broddi fylkingar er orðinn sænsku borgarastéttinni og ríkisvaldinu mikill þyrnir í augum og láta þá ólýðræðislegar aðgerðir ekki eftri sér bíða.

SÍMAHLERANIR Á ÍSLANDI

Hér á Íslandi eru stundaðar símahleranir á sama hátt og í öllum öðrum löndum auðvaldsins.

EIK(m-l) og VERKALÝÐSBLAÐIÐ skora á alla róttæka Íslendinga að vinna að því að afhjúpa hverskonar njósna og eftirlitsaðgerðir borgarastéttarinnar og ríkisvaldsins og ekki síst þeirra útsendara heimsvaldastefnu,sem aðsetur hafa hér á landi. Um leið viljum við skora á allt róttækt fólk að vera vel á verði gagnvart þesshátta aðgerðum.

EFLUM ÁRVEKNI OKKAR GEGN LAUMUAÐGERÐUM AFTURHALDSINS!

utan úr heimi

KRAKOW,Póllandi: 6.alþjóðlega klámmyndasýningin var haldin í Krakow í Póllandi í maí s.l. og er engin tilviljun að henni skuli valinn staður í Póllandi. Stjórn Giereks hefur um langt skeið hvatt til ástundunar listiðkana af þessu tagi.Er það gert til að halda áhuga fjöldans frá stéttabaráttunni.
Á sýningunni voru 400 klámmyndir frá 45 löndum.Sumir þátttakanda voru frá öðrum endurskoðunarsinnalöndum,þar sem sýningarinnar var getið og um hana skrifaðar blaðagreinar í stórum stíl.Það á við um Sovétríkin,Tékkóslóvakíu, Ungverjaland og A-Þýskaland m.a. Í sambandi við sýninguna voru skipulagðar ferðir frá löndum þessum,þannig að sem flestir áttu þess kost að sjá hana.

(ATA/Klassekampen)

★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★

Vígbúnaður- frh af bls.1.

fölsku friðartali og heimsvaldastefnu risaveldanna. Til þess þurfi að styrkja varnir þjóðlegs sjálfræðis og þó fyrst og fremst byltingaranda og alþjóðlega samstöðu öreiga og vinnandi alþýðu alls heimsins.

Risaveldin verði neydd til að leggja niður herstöðvar á erlendri grund,hernaðarbandalög þeirra og heimsvaldastefna verði að engu gerð.

PALESTÍNA

PALESTÍNA er nýtt blað,gefið út af undirbúningshóp að stofnun PALESTÍNUNEFNDAR á Íslandi.
Um baráttu Palestínuaraba hefur verið hljótt í íslenskum fjölmiðlum,en sé hennar getið hefur þar verið dreginn taumur Ísraels og síonismans.Barátta Palestínuaraba hefur um allan heim verið skotið á bak við tjöld heimsveldapólitíkurinnar í miðausturlöndum.
Stofnun PALESTÍNUNEFNDAR til stuðnings baráttu Palestínuaraba og til upplýsingamiðlunar um baráttu þeirra er því afar brýnt verkefni,sem EIK(m-l) og VERKALÝÐSBLAÐIÐ styðja af heilum hug.Hvetjum við allt baráttufólk og alla and-heimsvaldasinna til að taka þátt í þessu starfi.

Blaðið PALESTÍNA á erindi til allra,sem á einhvern hátt unna þjóðfrelsi og eru andstæðingar heimsvaldakúgunar.
Þeir sem vilja fá upplýsingar um starf undirbúningshópsins eða gerast áskrifendur blaðsins eða annara blaða um Palestínu á ensku,geta snúið sér til:

Ástvaldar Ástvaldssonar
Efstalandi 10
Reykjavík.

portúgal

Hin auknu völd "Kommúnistaflokksins" hafa aðeins leitt til nýs fasisma í Portúgal.En flokkurinn reynir að telja alþýðunni trú um að á ferðinni sé sósíalísk bylting. Lýðræðisbyltingunni,sem gerð var þegar fasistastjórninni var steypt af stóli,sneri "Kommúnistaflokkurinn" upp í sósíalíska byltingu í orði en nýja tegund fasisma í verki - sósíalfasisma. Áratuga fasistastjórn í Portúgal hafði rænt alþýðu landsins bæði forsendu og möguleikum til að geta framkvæmt sósíalíska byltingu í einum áfanga. Þess vegna var lýðræðisbylting nauðsynlegur og réttur fyristi áfangi. Næsti áfangi hlaut að vera frjáls skoðanabarátta,sem leiddi til aukinnar þjóðfélagslegrar meðvitundar alþýðunnar,sem lifað hafði efnalega og hugmyndalega kúguð lengi.
Aukin vissa um þjóðfélagsraunveruleikann og þá möguleika sem alþýðan býr yfir skapar þær nauðsynlegu forsendur sem sósíalísk bylting þarfnast. Þetta vissu hinir nýju valdhafar að sjálfsögðu og framkvæmdu eftir kenningu Brésneff og Krústjeffs,reyndu að slökkva þann baráttuneista sem kveikt hefði baráttuelda alþýðunnar gegn hverskonar drottnurum, hvort þeir kalla sig "kommúnista" eða ekki.

ENDURSKOÐUNARSTEFNAN AÐ VERKI.

Endurskoðunarsinnarnir í Portúgal óttast ekkert meir en byltingarsinnaða alþýðuna. Þeir reyna því að setja valdakerfi sínu fastar skorður nú,á meðan alþýðan er enn ekki almennt vöknuð til byltingarinnaðrar vitundar.

"Kommúnistaflokkurinn" ætlar að koma á sósíalisma fyrir alþýðuna. Til þess ætlar hann að nota þann her sem fasistaríkið byggði upp til að standa vörð um hagsmuni portúgölsku borgarastéttarinnar. Flokkurinn hefur sterk ítök í liðsforingjahreyfingunni innan hersins, en sú hreyfing telur aðeins um 200 manns.Í þeirri skoðanabaráttu sem átt hefur stað hefur flokkurinn beitt öllum ráðum til að hindra að fólk komist á útifundi og í mótmælagöngur.
Reynslan hefur sýnt okkur kommúnistum að ógerlegt er að virkja alþýðuna til byltingarbaráttu með stjórnunaraðgerðum og valdbeitingu. Sósíalísk bylting verður aðeins gerð af alþýðunni sjálfri.
Portúgalski "Kommúnistaflokkurinn" hefur varpað öllum grundvallaratriðum marxismans fyrir róða,en klæðir fasískan áróður sinn í rauðan búning,líkt og Hitlerfasisminn gerði. Þessi endurskoðunarstefna hefur hvergi komið betur fram en nú í Portúgal og fyrir skömmu í Chile og hvergi hefur baráttu alþýðunnar beðið eins óskaple örlög eins og einmitt þar sem á þessa stefnu hefur reynt.

ÞEIR HITTA BÁÐIR NAGLANN.

Með sanni má segja að bæði Morgunblaðið og Þjóðviljinn hafi til síns máls í borgaralegri gagnrýni sinni á nýju og gömlu fasistana í Portúgal. Hvorugt blaðið dregur taum lýðræðis í portúgal, en bæði draga taum heimsvaldastefnu. Morgunblaðið þeirrar bandarísku og Þjóðviljinn sovésku sósíalheimsvaldastefnunnar.

Aðalfundur MAÍ

AÐALFUNDUR MAÍ - MENNINGARTENGSLA ALBANÍU OG ÍSLANDS var haldinn 14.júní s.l.

Á s.l.vetri hélt MAÍ nokkra félagsfundi.Á 30 ára afmæli Alþýðulýðveldisins Albaníu hélt félagið almennan fund í Lindarbæ.

Á aðalfundinum var kosið í nýja stjórn.Nýju stjórnina skipa: Sigurður Jón Ólafsson formaður, aðrir í stjórn eru,Ari Trausti Guðmundsson,Hjálmtýr Heiðdal, Gylfi Már Guðmundsson og Haukur Arnþórsson.

Nýja stjórnin hyggst efla starf félagsins á komandi vetri og bera þar hæst hugmyndir um útgáfustarf á vegum þess. Var í því skyni sett á stof sérstök útgáfunefnd MAÍ.

VERKALÝÐSBLAÐIÐ hvetur alla lesendur sína að gerast meðlimir í MAÍ og taka þátt í að efla og styrkja menningartengsl Albaníu og Íslands.

★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★

Oktober

Hó Chí Minh
fangelsisdagbók

Útgáfa OKTÓBER-FORLAGSINS á ljóðum Hó Chí Mính er helguð sigri þjóðfrelsisaflanna í Víetnam í stríði þeirra við bandarísku heimsvaldastefnuna.
Ljóðin,sem eru 100 að tölu, orti Hó á meðan hann sat í fangelsi í Kína á árunum 1942-3,"til þess að hafa eitthvað að gera",eins og hann sagði.
Ljóð Hó Chí Mính þurfa allir and-heimsvaldasinnar að eignast.

Gerist Áskrifendur
sími - 35904

VERKALÝÐSBLAÐIÐ

Verður frelsisbaráttа alþýðunnar kæfð með nýjum fasisma?

PORTÚGAL

ÓLÝÐRÆÐISLEGAR STARFSAÐFERÐIR ENDURSKOÐUNASINNA Í PORTÚGAL ERU SVIPA Á PORTÚGÖLSKU ALÞÝÐUNA.

Morgunblaðið og Þjóðviljinn hnakkrífast út af Portúgal. Dregur þar hver tauma eigin kúgara og skoðanabræðra. Þjóðviljinn dásamar sósíalfasískar aðgerðir hins svokallaða Kommúnistaflokks á meðan Mogginn harmar hlutskifti gömlu fasistastjórnarinnar. Hvorugt blaðið tekur afstöðu gegn ólýðræðislegum vinnubrögðum gegn alþýðunni í Portúgal. Auðvelt ætti að vera fyrir hvern þann sem að einhverju leiti er fylgjandi lýðræði og frelsi fyrir alþýðuna,að taka afstöðu gegn fasistastjórn eins og þeirri sem steypt var af stóli. Erfiðara verður þegar fasistarnir kasta yfir sig rauðri kápu og klæða orð sín marxískum búningi, en það gerir einmitt flokkur sá í Portúgal,sem kallar sig Kommúnistaflokk.

HVERNIG STARFAR FLOKKURINN Í RAUN?

Öll gagnrýni á flokkinn og stjórn hersins er dæmd þjóðhættuleg árás. Frjálsar umræður eru kæfðar með ólýðræðislegu valdi. Róttækar hreyfingar og flokkar bannaðir o.s.frv. Kommúnistaflokkurinn svokallaði hefur sterk völd innan hersins og þar með völdin yfir kúgunartækinu - ríkisvaldinu með her og lögreglu. Þessu valdi beitir flokkurinn miskunnarlaust gegn alþýðuhreyfingunni. Jafnvel stærsti flokkur landsins,Sósíalistaflokkurinn,sem er hægfara umbótaflokkur,á í höggi að verjast ágangi sósíalfasistanna.

frh. á bls. 9.

Námsstarf EIK(m-l)

Þekking á stéttabaráttunni og réttri baráttuaðferð er nauðsynleg til árangursríks starfs. EIK(m-l) líta á fræðslustarfið sem eitt af höfuðverkefnum samtakanna. Samtökin starfrækja námshópa þar sem m.a. rætt er um:
++íslenskt þjóðfélag og stéttskiptingu þess.
++hlutverk stéttafélaganna og núverandi ástand þeirra og hvað gera verði til þess að þau verði á ný baráttutæki í höndum vinnandi alþýðu.
++frelsisbaráttu erlendrar alþýðu.
++baráttuleið alþýðunnar,þá baráttu sem alþýðan verður að heyja til þess að öðlast frelsi og sjálfstæði í skipulagi sem hún sjálf hefur skapað.
TAKIÐ ÞÁTT Í ÞESSU STARFI.
SKRÁIÐ YKKUR Í NÁMSHÓPA.
HAFIÐ SAMBAND Í SÍMA 16753.

Nýtt Bókaforlag:

OKTÓBER FORLAGIÐ

Á næstunni koma rit um m.a.:
1. Klofninginn í heimshreyfingu kommúnista,Sovétríkin og Kína.
2. Um "vinstri"hentistefnuna.
3. Samfylkingu gegn fasisma, eftir Dimitroff.
4. Ársstöðu marx-lenínista til Stalíns.
5. Kína eftir menningarbyltingu, bók eftir Jan Myrdal sem heitir, Kína byltingin heldur áfram.

KYNNIÐ YKKUR ÚTGÁFUEFNI OKTÓBER

Komið er út:

1. Baráttuleið alþýðunnar - almenn pólitísk baráttulína EIK(m-l).
2. Ályktanir og samþykktir stofnþings EIK(m-l) í janúar 1975.
3. Samþykktir fyrstu sameiginlegu ráðstefnu norrænna flokka og flokksbyggingarsamtaka marx-lenínista.
4. Fangelsisdagbók Hó Chí Mính - ljóð.

ÚTGÁFUEFNI OKTÓBER-FORLAGSINS ER TIL SÖLU Í:
REYKJAVÍK: Bóksölu stúdenta,félagsheimili stúdenta. Bókabúð Máls og Menningar við Laugaveg.
KEFLAVÍK: Bókabúð Keflavíkur.
AKUREYRI: Bókabúðin Brekkugötu.
SÚGANDAFJÖRÐUR: Bókabúð Jóns S. Jónassonar.

PÖNTUNARLISTI ER INNI Í BLAÐINU.

RAUÐLIÐINN

1.tbl.RAUÐLIÐANS er komið út. RAUÐLIÐINN er fræðilegt og menningarlegt tímarit EIK(m-l). Í Rauðliðanum eru greinar um m.a. SIGUR ALÞÝÐUNNAR Í INDÓKÍNA,þar sem saga stríðsins er rakin. Þá eru greinar um "vinstri"hentistefnuna að verki í íslenskri stéttabaráttu. Í heftinu eru tvær sameiginlegar ályktanir EIK(m-l) og tveggja systrasamtaka EIK(m-l) á Norðurlöndum - MLR í Finnlandi og AKP(m-l) í Noregi. Þá er í heftinu grein um róttækar bókmenntir í Noregi og nokkrar ljóðaþýðingar úr norsku. RAUÐLIÐINN kostar 100 kr.